

Útboð á tíðniheimild á 450 MHz tíðnisviðinu fyrir
langdrægt stafrænt farsímakerfi,
sem þjóni landinu öllu og miðunum
Samráð við hagsmunaaðila.

Samantekt á umsögnum

Hinn 31. janúar 2007 birti Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) umræðuskjal með helstu þáttum væntanlegs útboðs. Hagsmunaaðilum var boðið að koma að umsögnum, athugasemdum og ábendingum um einstaka liði eða gera almennar athugasemdir.

Eftirfarandi aðilar sendu inn umsögn: Neyðarlínan, Nordisk Mobiltelefon, Nova, Samkeppniseftirlitið og Síminn. Í umfjölluninni hér að neðan er fjallað um þá þætti sem óskað var umsagnar um og viðbrögð PFS við þeim. Einstaka athugasemdir eru þó ekki merktar nafni umsagnaraðila, annarra en Samkeppniseftirlitsins.

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hyggst gefa út tíðniheimild til starfrækslu nýs langdrægs, stafræns farsímakerfis, sem þjóni landinu öllu og miðunum. Auglýst verður eftir umsóknum um tíðniheimild og verður valið milli umsækjenda á grundvelli skilmála sem fram koma í útboðsgögnum sem stofnunin mun birta innan skamms.

Engin athugasemd

Hinu nýja farsímakerfi er ætlað að taka við af núverandi NMT farsímakerfi, en starfrækslu þess verður hætt í árslok 2008.

Engin athugasemd

Aðeins einum bjóðanda verður úthlutað tíðnum.

Umsögn: Það er skoðun Samkeppniseftirlitsins að það sé óheppilegt út frá samkeppnislegu sjónarmiði að úthlutun sé fyrirfram ákveðin til aðeins eins aðila. Til þess að sporna gegn mögulegum neikvæðum áhrifum á samkeppni telur Samkeppniseftirlitið æskilegt að gert verði að skilyrði í útboðinu að rekstraraðili sem úthlutað verður tíðnunum bjóði upp á opinn aðgang að kerfinu á jafnræðisgrundvelli og heildsölu á þjónustu þess til annarra endurseljenda. Þessi umsögn er einnig sett undir lið 13.

Umsögn: Umsagnaraðili telur það óásættanlegt að eingöngu einu fyrirtæki verði úthlutað 450MHz tíðniheimild. Tíðnisviðið er nægjanlega breytt til að bera a.m.k. tvo rekstraraðila og því ætti útboðið að taka mið af því. Umsagnaraðili telur óeðlilegt að verið sé að stofna til einokunar á þessu tíðnisviði.

Viðbrögð PFS: Umrætt tíðnisvið er aðeins 2x4,5 MHz. Sú tækni sem PFS telur helst koma til greina við nýtingu tíðnisviðsins felur í sér að skipting þess á milli tveggja bjóðenda yrði þannig að annar bjóðenda fengi 2x3,0 MHz og hinn 2x1,5 MHz.

Í ljósi þess að gerðar eru miklar kröfur til útbreiðslu kerfisins þá telur PFS að slík skipting sé óraunhæf af fjárhagslegum ástæðum og komi því ekki til greina. Er það í samræmi við viðhorf sem fram komu í svörum hagsmunaaðila við umræðuskjali um framtíðarnotkun NMT-450 tíðnisviðsins, sbr. frétt á www.pta.is frá 2. janúar 2006.

PFS tekur undir það sjónarmið að ofangreind ráðstöfun geti haft neikvæð áhrif á samkeppni, en telur að ákvæði um opinn aðgang muni stuðla að jafnræði. Sjá einnig 13. kafla.

Tíðniheimildin mun gilda í 15 ár.

Engin athugasemd

PFS hefur tekið saman helstu þætti útboðsins í skjali þessu. Hagsmunaðilum er boðið að koma að umsögnum, athugasemdum og ábendingum um einstaka liði hér að neðan eða gera almennar athugasemdir.

1. Umsóknarfrestur verður rúmir 2 mánuðir. Gert er ráð fyrir að tíðniheimildin verði gefin út í júní 2007.

Umsögn: Umsóknarfrestur upp á 2 mánuði er of stuttur miðað við þær upplýsingar sem þarf að afla, dreifiáætlaná, kostnaðar- og rekstraáætlaná o.fl. sem gera þarf til að uppfylla kröfur útboðs.

Umsögn: Umsagnaraðili telur að það sé brýnt að úthluta leyfi á þessu tíðnisviði. Umsagnaraðili telur því rétt að umsóknarfresturinn skuli vera rúmir tveir mánuðir og leggur áherslu á að nauðsynlegt er að ákvörðun um tíðniúthlutun liggja fyrir eigi síðar en í júní eins og ráðgert er í samráðsskjalinu.

Umsagnaraðili telur hins vegar að þær kröfur sem gerðar eru til umsóknarinnar séu allt of miklar og út fyrir allt meðalhóf. Þess vegna verður að einfalda umsóknarferilinn og gera hann í samræmi við það sem þekkest m.a. við útboð á þriðju kynslóðartíðnum. Það verður að laga þætti í útboðslýsingunni að því að mögulegt sé að gera umsókn innan frestsins. Að mati umsagnaraðila er hægt að ná sama markmiði með vægari úrræðum.

Viðbrögð PFS: PFS telur að tíðniúthlutun verði að eiga sér stað eigi síðar en í júní 2007 með tilliti til þess að starfrækslu NMT kerfisins verður hætt í síðasta lagi í árslok 2008. Því telur PFS óhjákvæmilegt að umsóknir verði að berast eigi síðar en upp úr miðjum maí 2007.

PFS telur að sú skoðun að kröfur til umsóknar séu allt of miklar og að unnt sé að ná sama markmiði með vægari úrræðum byggji að verulegu leyti á misskilningi. Þetta á einkum við um kröfur varðandi útbreiðslusvæði (6. kafli), tölvugert útbreiðslukort (7. kafli) og tímasetta framkvæmdaáætlun (15. kafli). FPS mun í endanlegri útboðslýsingu taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu í viðræðum við umsagnaraðila.

2. Tíðniheimildin gildir fyrir allt landið og felur í sér eftirfarandi tíðnisvið, sem er hið sama og núverandi NMT kerfi notar:

452,9875 - 457,4875 MHz / 462,9875 – 467,4875 MHz (2 x 4,5 MHz)

Engin athugasemd

3. Skipting tíðnisviðsins og afhendingartími.

Tíðnirétthafi fær aðgang að ofangreindu tíðnisviði í tveimur áföngum:

Frá og með 1.2.2008 má taka 1/3 tíðnisviðsins í notkun, en frá sama tíma verður tíðniheimild vegna NMT kerfisins skert að sama skapi.

Frá og með 1.1.2009 má taka afganginn, þ.e. 2/3 tíðnisviðsins, í notkun, þ.e. þegar starfrækslu NMT-kerfisins verður hætt.

Engin athugasemd

4. Samráð við rekstraraðila NMT kerfisins.

Tíðnirétthafi skal hafa samráð við rekstraraðila NMT kerfisins um hvaða hluti tíðnisviðsins verður tekinn í notkun í fyrsta áfanga. Ef ekki næst samkomulag um það fyrir 1. ágúst 2007 mun PFS úrskurða í málinu fyrir 1. september 2007.

Umsögn: Mikilvægt er að haft sé samráð við rekstraraðila NMT-kerfisins um það hvernig framkvæmd á tíðniskerðingu verði háttáð þannig að yfirfærslan valdi sem minnsti röskun á rekstri NMT kerfisins.

Viðbrögð PFS: Tekið er undir þetta sjónarmið.

5. Samrekstur með NMT kerfinu.

Bjóðandi skal sýna fram á að það kerfi, sem hann hyggst byggja upp, muni ekki valda truflunum á NMT kerfinu. Hann getur hins vegar ekki gert kröfu um að nýja kerfið verði ekki fyrir truflunum frá NMT kerfinu miðað við óbreyttan rekstur þess.

Umsögn: Skýra þarf nánar hvað er átt við með því að sýni eigi fram á að kerfið valdi ekki truflunum á NMT kerfi. Dugir einföld yfirlýsing frá framleiðanda nýs kerfis, þarf að gera prófanir hér á landi eða er átt við eitthvað annað?

Viðbrögð PFS: PFS hefur fyrst og fremst í huga viðurkenndar aðferðir til þess að meta líkur á truflunum á milli kerfa. Má í þessu sambandi t.d. benda á Monte-Carlo eftirlíkingaraðferðina og SEAMCAT hugbúnaðinn sem byggir á henni.

Sjá www.seamcat.org.

Umsækjandi getur einnig í þessu skyni vísað í reynslu við sambærilegar aðstæður, sem umsækjandi eða seljandi radióbúnaðarins kann að búa yfir.

6. Útbreiðslusvæði

Lágmarksútbreiðsla verður skilgreind þannig að hún verði sambærileg við þjónustusvæði NMT kerfisins, bæði til lands og sjávar. Í því felst að flatarmál þjónustusvæðis og fjarlægðarmörk þess frá ströndum landsins verði sambærileg við það sem við á um NMT kerfið. Við mat á stærð þjónustusvæðis verður aðgreint á milli stærðar þjónustusvæðis á landi og á hafi úti.

Skuldbinding um útbreiðslu umfram lágmarkskröfur: sjá lið 18-a.

Umsögn: Til að bera saman útbreiðslusvæði við NMT kerfi þarf að liggja fyrir, í útboðsgögnum, nákvæmt eða nákvæm kort um útbreiðslu NMT kerfisins á þeim tímapunkti sem miða á við, hvort miðað er við kerfið eins og það var, eins og það er nú eða eins og það verður á árinu 2008 en fyrir liggur að það hefur breyst að undanfögnu. Jafnframt þarf að koma fram hvernig það þjónustusvæði er skilgreint og við hvers konar farsímatæki er miðað (handtæki, tæki í bíl eða annað).

Jafnframt þarf að koma skýrt fram hvað er á við með “þjónustusvæði” þ.e. við hvað er miðað þegar það er skilgreint. Er átt við innanhúss, utanhúss, í bíl o.s.fv. Hvað með skugga á þjónustusvæði “bakvið fjall” eins og nú er víða í NMT þótt það komi ekki fram á kortum. Eru kröfur um loftnet utandyra sbr. drægni út á sjó, sendiafl farsíma o.s.fv? Á að sannreyna hvert verður raunverulegt þjónustusvæði skv. kröfunum? Hvernig á að framkvæma þá úttekt?

Umsögn: Umsagnaraðili gerir ráð fyrir að fjöldi sendistaða verði sá sami og í NMT kerfinu en bendir á að það er ekki hægt að tryggja fyrirfram að útbreiðsla verði algjörlega sambærileg og í NMT kerfinu í dag. Umsagnaraðili leggur þann skilning í þessa grein að PFS muni leggja fram skilgreiningu á lágmarksútbreiðslu nýja kerfisins með landabréfi sem sýni markalínur svæða með mismunandi kröfur um styrk og gagnahraða.

Viðbrögð PFS: Ekki verður gerð krafa um nákvæmlega sömu útbreiðslu og hjá núverandi NMT kerfi, heldur sambærilega. Með því er átt við að þjónustan nái að lágmarki til 90% af yfirborði landsins eins og NMT-kerfið gerir skv. þeim útbreiðslukortum sem núverandi rekstraraðili NMT kerfisins hefur birt opinberlega. Sambærilegar kröfur verða gerðar um útbreiðslu á hafsvæðunum kringum landið.

PFS hefur hins vegar ekki í hyggju að skilgreina útbreiðslu nýja kerfisins með landabréfi sem sýni staðsetningu senda og markalínur svæða með mismunandi kröfum um styrk og gagnahraða. Að mati PFS myndi slík nálgun reisa óeðlilegar skorður við hönnun nýs kerfis.

Sjá einnig viðbrögð PFS undir lið 7.

7. Tölvugert útbreiðslukort.

Bjóðendum verður gert að leggja fram með tilboðum sínum tölvugert útbreiðslukort. Tilgreina skal hvaða viðurkenndur hugbúnaður (Cell Planning Tool) er notaður við gerð kortsins. Allar helstu inngangsstærðir sem skipta máli við gerð þess skulu tilgreindar, t.d nákvæm staðsetning fyrirhugaðra móðurstöðva. Útbreiðslukortið skal sýna a.m.k. þrenns konar skiptingu útbreiðslusvæðis með tilliti til þess sviðsstyrks og gagnaflutningshraða, sem verður á viðkomandi útbreiðslusvæði. Tilgreina skal hver séu efri og neðri mörk sviðsstyrks á hverju svæði. Jafnframt skal tilgreina hver séu efri og neðri mörk gagnaflutningshraða á hverju svæði, bæði til og frá notanda. Miða skal við tæknilega eiginleika notendabúnaðar, sem máli skipta í þessu sambandi og sem til er á markaðnum þegar tilboð verða opnuð.

Umsögn: Koma þarf fram hvað er átt við með “viðurkenndur hugbúnaður”. Mun fylgja með útboðsgögnum listi yfir viðurkenndan hugbúnað, á að vísa til einhverra gerðaprófana eða er átt við eitthvað annað?

Umsögn: Að mati umsagnaraðila ganga kröfur um tölvugert útbreiðslukort allt of langt og gera það að verkum að ekki er unnt að skila inn umsókn innan tímafrests. Þessi krafa er einnig að mati umsagnaraðila allt of íþyngjandi og þýðir í raun að umsóknaraðila er gert að fullhanna kerfið þegar á umsóknarstigi. Það er að mati umsagnaraðila hægt að gefa fullnægjandi mynd af kerfinu án þess að ganga svo langt að fullhanna það á þessu stigi.

Viðbrögð PFS: PFS mun hvorki leggja fram lista yfir viðurkenndan hugbúnað né vísa til gerðarprófana. PFS telur hins vegar eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt að gera kröfur um notkun slíks búnaðar, enda sé sýnt fram á að hann sé eða hafi verið notaður með góðum árangri við hönnun sambærilegra fjarskiptaneta.

Ekki er fallist á að með þessu sé verið að gera umsækjanda að fullhanna kerfið þegar á umsóknarstigi. Hins vegar verður ekki séð að hann geti með trúverðugum hætti sýnt fram á væntanlega útbreiðslu kerfisins án þess að gefa upp alla áformaða sendistaði og útreikninga á útbreiðslu sem tekur m.a. mið af tæknilegum eiginleikum þeirra farstöðva, sem gert er ráð fyrir að nota í kerfinu.

PFS hyggst gera þá breytingu í endanlegri útboðslýsingu að í stað þess að umsækjandi skuli sjálfur tilgreina hver séu efri og neðri mörk sviðsstyrks og gagnaflutningshraða á hverju svæði, verði skilgreint í útboðslýsingunni ákeðin mörk á gagnaflutningshraða, sem leggja ber til grundvallar við gerð útbreiðslukortsins.

Tölvugerða útbreiðslukortið skal sýna eftirtalin 3 svæði, sem þjónustan nær til:

Svæði A: Lágmarkspjónusta, til þess að svæði teljist hluti útbreiðslusvæðis.

Talþjónusta og SMS er tryggð og gagnaflutningshraði a.m.k. 128 kbps í báðar áttir.

Svæði A verður lagt til grundvallar við mat á útbreiðslu, sbr. a) lið 18. kafla.

Auk þess skal kortið sýna tvö önnur svæði, þar sem tiltekinn lágmarks gagnaflutningshraði verður tryggður (hámarkshraði í niðurlagi aðgengilegur notendum á svæðinu).

Svæði B: Gagnaflutningshraði a.m.k. 1 Mbps til notanda (ath svæði B inniheldur einnig svæði C).

Svæði C: Gagnaflutningshraði a.m.k. 2 Mbps til notanda

Svæði B og C verða lögð til grundvallar við mat á gagnaflutningshraða, sbr. c) lið 18. kafla.

Miða skal við að gagnaflutningshraði sé mældur utanhúss í 1,7m hæð

Umsækjandi skal tilgreina flatarmál svæða A, B og C í ferkílómetrum, annars vegar á landi og hinsvegar á sjó.

Umsækjanda verður heimilt að óska eftir breytingu á útbreiðslukorti, sem fylgir umsókn hans. Slíkar breytingar geta bæði tekið til staðsetningar móðurstöðva og útbreiðslueiginleika sendiloftneta. PFS mun taka afstöðu til slíkra óska á grundvelli stærðar dreifisvæðis og þess hve vel dreifisvæðið þjónar notendum, sérstaklega þeim sem ekki hafa aðgang að háhraða gagnaflutningsþjónustu.

PFS áskilur sér rétt til þess að leggja sjálfstætt mat á þau útbreiðslukort sem fram verða lögð og trúverðugleika þeirra.

8. Lágmarksþjónusta.

Lágmarkskrafa er að veitt verði farsímaþjónusta sem er sambærileg við það sem nú tíðkast í GSM farsímakerfum. Í því felst að þjónustan nái til a.m.k. almennrar talsímaþjónustu, gagnaflutnings og smáskilaboða (sambærileg við SMS).

Umframþjónusta, t.d. háhraðatengingar og staðsetningarþjónusta: sjá lið 18-c.
Því meiri gagnaflutningshraði því betra.

Umsögn: Nú er verið að bjóða út tíðniheimild sem NMT er að nota. Þar er engin gagnaflutningsmöguleiki eða mjög takmarkaður né aðrir möguleikar.

Hvers vegna er gerð sérstök krafa um gagnaflutningshraða? Liggur fyrir könnun hér á landi sem styður það að notendur almennt séu að leita eftir gagnaflutningsþjónustu í langdrægu kerfi sem réttlætir 20% vægi þess og annarra möguleika en talsíma. Er ekki fyrst og fremst verið að horfa til talsíma sbr. NMT og að sú þjónusta náist sem víðast þó það virðist aðeins vega 25%. Sjá einnig lið 18. Lagt er til að þjónustusvæði verði meginþáttur við val á aðila.

Viðbrögð PFS: Kröfur um gagnaflutningshraða taka ekki mið af núverandi NMT kerfi, heldur af kröfum, sem PFS telur eðlilegt að gera til nýs stafræns kerfis sem notar nýjustu tækni.

9. Fjárhagsstaða og fjárfestingaráætlun.

Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi fjárhagsstöðu til að standa við uppbyggingaráform skv. tilboði sínu. Að lágmarki skal umsækjandi leggja fram fullnægjandi gögn í umsókninni sem sýni fram á að eigið fé hans sé a.m.k. 100 milljónir og eiginfjárlutfall ekki undir 20% á uppbyggingartímanum.

Umsögn: Kröfur um eigið fé og eiginfjárlutfall takmarka fyrst og fremst möguleika nýrra aðila til að taka þátt í þessu útboði og eru því verulega samkeppnishamlandi. Lagt er til að það dugi að bjóðandi sýni fram á að hann geti byggt upp kerfið á tilskyldum tíma og sé almennt í skilum með opinber gjöld eins og tíðkast í útboðum.

Viðbrögð PFS: Kröfur um eigið fé og eiginfjárlutfall eru settar fram gagnert til þess að sýnt sé fram á að bjóðandi geti byggt upp kerfið á tilskildum tíma.

10. Tæknileg geta og reynsla.

Kröfur verða gerðar um að bjóðandi greini frá tæknilegri getu sinni og reynslu.

Umsögn: Engin athugasemd nema að ekki kemur fram hvernig þessar upplýsingar verða notaðar.

Viðbrögð PFS: Þessar upplýsingar verða notaðar til að meta hvort tilboð umsækjanda sé trúverðugt hvað varðar tæknilega getu og reynslu.

11. Tækni sem notuð verður

Umsækjendum verður gert að gera grein fyrir þeirri tækni sem farsímakerfið notar og hvaða viðurkennda alþjóðlega tæknistaðla það uppfyllir.

Umsögn: Engin athugasemd nema að ekki kemur fram hvernig þessar upplýsingar verða notaðar.

Viðbrögð PFS: PFS áskilur sér rétt til þess að leggja sjálfstætt mat á það, hvort sú tækni sem gert er ráð fyrir að nota sé í samræmi við viðurkennda alþjóðlega tæknistaðla.

12. Notendabúnaður

Tilgreina skal áætlað framboð og verð á notendabúnaði miðað við útsöluverð með VSK.
Sjá einnig lið 18-d.

Engin athugasemd

13. Opinn aðgangur og heildsala á þjónustu

Umsóknir verða m.a. metnar með tilliti til þess hvaða áhrif fyrirætlanir umsækjenda muni hafa á samkeppni, sbr. b.-lið 18. kafla.

Umsækjandi verður beðinn um að upplýsa um fyrirætlanir sínar um að heimila opinn aðgang að netinu á jafnræðisgrundvelli og hvort hann muni verða við sanngjörnum og eðlilegum beiðnum um aðgang (eftir eðli máls) um:

innanlands reiki,
samnýtingu eða samhýsingu
aðgang að aðstöðu og
sýndarnetsaðgang.

Umsækjandi verður einnig beðinn um að upplýsa hvort hann sé tilbúinn að skuldbinda sig til að bjóða á jafnræðisgrundvelli öðrum fjarskiptafélögum til endursölu á heildsöluverði þá þjónustu sem hann selur sjálfur í smásölu á neti sínu og ef svo er, hver yrði áætlaður afsláttur frá smásöluverði í prósentum fyrir talsímabjónustu, gagnaflutning og smáskilaboð.

Umsögn: Það er skoðun Samkeppniseftirlitsins að það sé óheppilegt út frá samkeppnislegu sjónarmiði að úthlutun sé fyrirfram ákveðin til aðeins eins aðila. Til þess að sporna gegn mögulegum neikvæðum áhrifum á samkeppni telur Samkeppniseftirlitið æskilegt að gert verði að skilyrði í útboðinu að rekstraraðili sem úthlutað verður tíðnunum bjóði upp á opinn aðgang að kerfinu á jafnræðisgrundvelli og heildsölu á þjónustu þess til annarra endurseljenda. Þessa umsögn er einnig að finna fremst í skjalinu varðandi úthlutun til aðeins eins bjóðanda.

Umsögn: Hér eru gerðar kröfur til umsækjanda um að hann „upplýsi um fyrirætlanir sínar um að heimila opinn aðgang að netinu á jafnræðisgrundvelli og hvort hann muni verða við sanngjörnum og eðlilegum beiðnum um aðgang (eftir eðli máls) um: innanlandsreiki, samnýtingu eða samhýsingu, aðgang að aðstöðu og sýndarnetsaðgang. Umsækjandi verður einnig beðinn um að upplýsa hvort hann sé tilbúinn að skuldbinda sig til að bjóða á jafnræðisgrundvelli öðrum fjarskiptafélögum til endursölu á heildsöluverði þá þjónustu sem hann selur sjálfur í smásölu á neti sínu og ef svo er, hver yrði þá áætlaður afsláttur frá smásöluverði í prósentum fyrir talsímabjónustu, gagnaflutning og smáskilaboð.”

Því er alfarið mótmælt af hálfu umsagnaraðila að skilyrði eins og hér eru fyrirhuguð að verði sett fyrirfram í umsóknina. Hér er um að ræða umfangsmikla fjárfestingu í uppbyggingu á nýju kerfi. Það mun enginn leggja í slíka fjárfestingu nema með því lögmæta markmiði að fá til baka fjárfestingarkostnað og eðlilega arðsemi af henni. Það er viðurkennd regla í fjarskiptarétti að ekki skuli leggja fyrirfram kvaðir á nýfjárfestingar og fjárfestingar í tækni í örri þróun, enda myndi slíkt draga úr hvata til fjárfestinga. Því er harðlega mótmælt að hægt sé að leggja fyrirfram aðgangskvöð og kvöð um skuldbindingu til að verðleggja með tilteknum hætti, sbr. hér á grundvelli svokallaðrar smásölumínus aðferðar. Sú aðferð að beita smásölumínus er einnig að mati umsagnaraðila algjörlega án lagastöðar og jafnframt sú aðferð sem leiðir síst til hagkvæmrar niðurstöðu, hvort sem um er að ræða aðila á markaði eða neytendur. Meginregla laga er reglan um samningafrelsi og allar undantekningar á henni ber að túlka þröngt.

Umsagnaraðili bendir á að fjarskiptayfirvöld og almenn samkeppnisyfirvöld hafa nægar heimildir til að grípa inn í ef að í ljós kemur eftir ítarlega greiningu á markaðnum að fyrirtæki séu með markaðsráðandi stöðu og séu að misnota hana. Á

Þessu stigi hafa fjarskiptayfirvöld enga heimild til að leggja íþyngjandi kvaðir á fyrirtæki á markaði sem ekki hefur verið greindur með lögbundnum hætti.

Það ber einnig að hafa í huga að þrátt fyrir að einungis einn leyfishafi verður valinn á þessu tíðnisviði, þá mun þjónustan sem boðið verður upp á vera í samkeppni við sambærilega þjónustu sem mögulegt er að bjóða upp á öðru tíðnisviði.

Það er hins vegar augljóst að sá sem byggir upp slíkt kerfi mun vilja ná samningum við aðila á viðskiptalegum grundvelli. Það verður hins vegar að fá ákveðinn aðlögunartíma til að byggja upp netið. Það er einungis þegar kerfið er fulluppybyggt og fyrirtækið hefur náð tilteknum styrk að sanngjarnt og lögmætt er að leggja kvaðir á það.

Á það skal bent að á Norðurlöndunum, Noregi, Svíþjóð og Danmörku, þekkist ekki að slíkar íþyngjandi kvaðir hafi verið lagðar á leyfishafann. Gert er ráð fyrir að umsækjandi leggi fram viðskiptaáætlun í umsókn sinni og í henni koma fram allar helstu forsendur umsækjanda fyrir því að sækja um leyfið.

Umsögn: In the countries where we have licenses and networks so far, there are no explicit requirements for open network. However, under the EU-inspired law of electronic communication the regulators can always impose such obligations later would the market position be too dominant. For a startup, however, we believe that it is not reasonable to impose severe open network obligations from the beginning.

Therefore, we suggest that PTA should only legally enforce such obligations would it be obvious that for example [væntanlegur tíðniréttihafi] gets into a position of abusing its market power. The first priority must be to deploy [tækni, sem boðin verður] all over Iceland, successfully migrate NMT users and to get to a state of sustainable (profitable) operation.

Viðbrögð PFS: Eðlilegt er að horfa til þess hvaða áhrif fyrirætlanir umsækjanda muni hafa á samkeppni á fjarskiptamarkaði. Með hliðsjón af markmiði fjarskiptalaga, sem er m.a. að efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði, verður jafnframt að telja máefnalegt að byggja mat á umsóknum á slíkum sjónarmiðum. Fyrir liggur ákvörðun PFS um að skynsamlegast sé að úthluta öllu tíðnisviðinu til eins aðila, sbr. þær röksemdir sem að framan greinir. Að sama skapi er ljóst að væntanlegur handhafi tíðniheimildarinnar getur öðlast markaðsáðandi stöðu að því er varðar langdræga farsímabjónustu sem getur haft í för með sér óæskilegar afleiðingar á samkeppni. Slíkar afleiðingar eru hins vegar síður líklegar ef handhafi tíðniheimildarinnar veitir opinn aðgang að kerfinu og heildsöluafslátt á þjónustunni. Er í því sambandi vísað til umsagnar Samkeppniseftirlitsins. Tekið skal fram að hér er ekki um kvöð að ræða í skilningi fjarskiptalaga, enda er ekki gert að skilyrði að umsækjendur taki á sig slíkar skuldbindingar. Það er hins vegar álit PFS að umsókn sem liðkar fyrir samkeppni með þessum hætti sé að mörgu leyti fýsilegri en umsókn sem gerir það ekki, sbr. það vægi sem þetta sjónarmið fær við mat á umsóknum samkvæmt 18-lið.

Hins vegar er skiljanlegt að það getur verið vandkvæðum bundið á þessu stigi að tilgreina ákveðinn afslátt af smásöluverði, þar sem nokkur óvissa ríkir um þær forsendur sem nauðsynlegt er að leggja til grundvallar við slíka ákvörðun, s.s. hvað uppbygging netsins muni kosta þegar upp verður staðið og hver fjöldi notenda verður. Getur PFS því tekið undir sjónarmið umsagnaraðila um að fella afsláttinn út sem viðmið við mat á umsóknum. Eftir sem áður telur PFS rétt að horfa til þess hvort umsækjandi hyggst veita opinn aðgang á netinu á jafnræðisgrundvelli.

14. Áfangar og hraði uppbyggingar

1. júní 2008: Upphaf þjónustu á 1/3-hluta tíðnisviðsins.
Fjöldi senda utan þéttbýlis skal vera að lágmarki 10.

1. október 2008: Fullri útbreiðslu náð á 1/3-hluta tíðnisviðsins, þ.e. allir fyrirhugaðir sendistaðir hafa verið teknir í notkun.

1. febrúar 2009: Allt tíðnisviðið komið í notkun á öllum fyrirhuguðum sendistöðum.
Full þjónusta í samræmi við tilboð.

Ofangreindar dagsetningar eru lágmarkskröfur.
Ef þessum áföngum verður náð fyrir verður það umbunað sérstaklega. Sjá lið 18-d.

Umsögn: Um síðasta áfangann segir svo í samráðsskjalinu:

„1. febrúar 2009. Allt tíðnisviðið komið í notkun á öllum fyrirhuguðum sendistöðum. Full þjónusta í samræmi við tilboð”.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til:

„1. febrúar 2009. Heimilt að nota allt tíðnisviðið á öllum fyrirhuguðum sendistöðum enda rekstri NMT-kerfisins hætt.

„1. mars 2009. Full þjónusta í samræmi við tilboð.

Þetta veitir leyfishafa eðlilegt svigrúm til þess að koma á fullri þjónustu.

Viðbrögð PFS: Tekið er undir þetta sjónarmið.

15. Tímasett framkvæmdaáætlun

Umsækjandi skal í tilboði sínu leggja fram nákvæma, sundurliðaða og tímasetta framkvæmdaáætlun, sem sýni m.a. alla helstu áfanga varðandi hönnun kerfisins, pantanir og innkaup á vél- og hugbúnaði, samninga vegna aðgengi að nauðsynlegri aðstöðu fyrir móðurstöðvar og aðra innviði kerfisins. PFS mun m.a. áskilja sér rétt til þess að tíðniréttshafi leggi fram staðfesta samninga við birgja á þeim tíma sem áætlun bjóðanda gerir ráð fyrir.

PFS mun áskilja sér rétt til þess að fylgjast með framkvæmdaáætluninni frá einum mánuði til annars. Í því skyni er gert ráð fyrir að tíðniréttshafi afhendi skriflega framvinduskýrslu fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Umsögn: Skilyrði um tímasetta framkvæmdaáætlun er mjög íþyngjandi og fer út fyrir allt meðalhóf. Að mati umsagnaraðila er ómögulegt að uppfylla þessi skilyrði á þeim tíma sem gefinn er til að vinna umsóknina. Þar að auki er það óþarfi og veldur því að fyrirfram er verið að njörva umsækjanda niður við allt of nákvæma tímaáætlun. Einnig má benda á að það er afar íþyngjandi að þurfa að staðfesta samninga við birgja á þessu stigi, án þess að vita hver niðurstaða útboðsins verður. Stjórnvaldi ber að fara þá leið sem er minnst íþyngjandi til þess að ná tilteknu marki. Það er nóg að krefjast þess að greint sé frá helstu áföngum.

Viðbrögð PFS: PFS telur að hér sé um misskilning að ræða og tekur undir það sjónmarmið að nóg sé að krefjast þess að greint sé frá helstu áföngum. Áréttað skal að alls ekki var ætlunin að umsækjandi þyrfti að staðfesta samninga við birgja “á þessu stigi”, þ.e. áður en vitað er um niðurstöðu útboðsins.

16. Dagsektir og svifting tíðniheimildar

Í ljósi þess hversu brýnir almannahagsmunir eru bundnir því að unnt sé að veita samfellda og órofna langdræga farsímaþjónustu er nauðsynlegt að uppbygging netsins gangi skv. áætlun. Af þeim sökum áskilur PFS sér rétt til þess, sbr. heimild í 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, að leggja á tíðnileyfishafa dagsektir allt að kr. 500.000 á dag fyrir hvern dag sem uppbygging stenst ekki tímasetta áfangaskiptingu skv. 14. kafla og helstu áfanga skv. 15. kafla. Mun upphaf dagsektar miðast við þær tímasetningar sem eru tilgreindar í þeim kafla og verður uppsöfnuð sektarfjárhæð innheimt mánaðarlega þar til skyldunni hefur verið fullnægt.

Verði um að ræða verulegar vanefndir varðandi uppbyggingu á farsímanetinu og fyrirsjáanlegt að uppbyggingu netsins verði ekki lokið á tilsettum tíma áskilur PFS enn fremur rétt til þess, skv. heimild í 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 sbr. og 73. gr. þeirra, að svipta tíðnileyfishafa úthlutaðri tíðni og ráðstafa henni til annars aðila án útboðs.

Umsögn: Lagt er til að það verði eitthvert hámark dagsektar og að það komi fram við hvað er átt að PFS “áskilji sér rétt” til að innheimta dagsektir. Fer það eftir bjóðanda eða við hvað verður miðað.

Umsögn: Hér er gert ráð fyrir óvenju háum dagsektum og það réttlætt með því að um mikla almannahagsmuni sé að ræða. Umsagnaraðili tekur undir að þeir hagsmunir eru miklir en það er nægilegt og nær sama markmiði að hafa sektir lægri eða í mesta lagi um 100.000 kr. á dag, eins og fordæmi eru fyrir. Einnig er rétt að beita dagsektum eingöngu ef farið er fram yfir skilgreinda áætlun í 14. gr.

Viðbrögð PFS: Vísað er í dagsektarheimild PFS með almennum hætti. Er því ekki tilgreind ákveðin upphæð dagsekta heldur aðeins getið um leyfilegt hámark þeirra. Hlýtur upphæð dagsekta ávallt að ráðast af atvikum hverju sinni, s.s. hvaða hagsmunir eru í húfi og um hversu mikla vanefnd sé að ræða. Þá ber enn fremur að hafa í huga að við ákvörðun dagsekta er PFS að sjálfsögðu bundin við meðalhófsreglu stjórnslulaga. Að því er varðar þær tímasetningar sem lagðar eru til grundvallar er fyrst og fremst um að ræða þær lágmarkskröfur um uppbyggingu sem fram koma í kafla 14. Hins vegar er ljóst að beiting dagsekta getur einnig komið til álita ef umsækjandi vîkur í verulegum atriðum frá framkvæmdaáætlun sinni, sbr. kafla 15.

17. Fullgild umsókn.

Til að umsókn teljist fullgild þarf hún að uppfylla þær kröfur sem koma fram í útboðsgögnum. Þarf bjóðandi að skuldbinda sig til að byggja upp farsímakerfi skv. þeim skilmálum sem fram koma í útboðsgögnum. Forsenda þess að bjóðandi komi til greina við úthlutun er að útbreiðslukröfum sé fullnægt, hann uppfylli lágmarksskilyrði varðandi fjárhagsstöðu og að fullnægjandi upplýsingar séu veittar í umsókn að öðru leyti.

Umsögn: Umsagnaraðili telur nánast útilokað að leggja tímanlega fram fullgillt tilboð verði útboðsgögnin eins og samráðsskjalið gefur til kynna að þau verði, sbr. athugasemdir við aðrar greinar hér að framan.

Viðbrögð PFS: Með tilvísun til viðbragða PFS í köflum 1, 6, 7 og 15 hér að framan telur stofnunin að umsögnin byggist á misskilningi, sem vonandi hefur verið eytt í skjali þessu.

18. Mat á tilboðum og val á tíðniréttthafa

Ef velja þarf á milli umsækjenda, sem uppfylla lágmarkskröfur varðandi fjárhagslega stöðu og uppfylla aðrar lágmarkskröfur í útboðslýsingu verður litið til eftirfarandi atriða við val á tíðniréttthafa:

- a) 25% - Útbreiðsla umfram lágmarkskröfur, sbr. lið 6 Þar af á landi 10% og á sjó 15%
Útbreiðslan verður metin út frá stærð þjónustusvæðis skv. tölvugerðu útbreiðslukorti, sbr. lið 7.
- b) 25% - Opinn aðgangur og heildsala á þjónustu, sbr. lið 13
Þar af 15 % ef boðin verður opinn aðgangur yfirleitt og 10 % eftir því hve heildsöluafsláttur er mikill.
- c) 20% - Þjónusta umfram lágmarksþjónustu, t.d. háhraðatengingar og staðsetningarþjónusta, sbr. lið 8.
Þar af mun gagnaflutningshraði vega 15% og önnur þjónusta 5%.
Sá sem tryggir mestan gagnaflutningshraða fær flest stig.
Sérhver önnur þjónusta sem bjóðandi skuldbindur sig til þess að bjóða gefur stig.
- d) 10% - Notendabúnaður á markaði og staðfestar upplýsingar um búnað, sem er í vændum næstu 12 mánuði, sbr. lið 12.
Fjölbreytni notendabúnaðar ásamt verði
- e) 10% - Áfangar og uppbyggingarhraði betri en lágmarkskröfur, sbr. lið 14

f) 10% - Möguleikar á reiki.

Stig verða veitt þannig að sá sem best býður innan hvers liðar a) til f) fær fulla stigagjöf, sá sem næstbest býður fær 2/3 hluta, sá sem býður 3ja best fær 1/3 og aðrir fá ekki stig. Ef metið er jafnt í einhverjum lið, skiptast stigin jafnt á milli umsækjenda.

Umsögn: Sjá athugasemdir við lið 8 og:

Liður d: Hvað er átt við með “staðfestar upplýsingar um búnað”? Dugir yfirlýsing framleiðanda?

Liður f: Að reikimöguleikar gildi 10% er óeðlilegt sbr. fyrri athugasemdir um þjónustusvæði og ekkert reiki er í NMT.

Umsögn: Varðandi b. lið: Hér er gert ráð fyrir að loforð um opinn aðgang og heildsölu á þjónustu vegi 25%, þar af 10% eftir því hve heildsöluafsláttur er mikill. Því er mótmælt að þetta sé þáttur í mati á tilboðum, sbr. athugasemdir við 13. gr. hér að framan. Umsækjandi getur einnig raunar lofað hverju sem er til að fá fleiri stig, en þegar á hólminn er komið getur hann etv. ekki staðið við þetta án þess að stefna í gjaldþrot, vegna fyrirfram skuldbindingar um verðlagningu. Þá hefur viðkomandi etv. unnið útboðið á grundvelli atriða sem hann getur ekki síðar staðið við. Það getur ekki verið ætlan stjórnvalds að koma umsækjanda í slíka stöðu og mismuna þannig milli umsækjanda.

Varðandi e. lið: Umsagnaraðili telur óaskilegt að gera ráð fyrir tilboðum þar sem gert yrði ráð fyrir áföngum og uppbyggingarhraða betri en lágmarkskröfur tilgreina.

Varðandi f. lið: 10% möguleikar á reiki. Lagt er til að PFS skilgreini hvers konar reiki er átt við hér.

Viðbrögð PFS:

Liður a: Útbreiðsla umfram lágmarkskröfur

PFS mun breyta vægi þessa liðs úr 25% í 30%, sem skiptist jafnt á milli útbreiðslu á landi og á sjó.

Liður b: Opinn aðgangur og heildsala

Vísað er til svara PFS við 13. kafla.

PFS mun því breyta vægi úr 25% í 20% og gildi eingöngu um opinn aðgang á jafnræðisgrundvelli. Afsláttur af smásöluverði falli niður sem sérstakt matsatriði.

Liður c: Þjónusta umfram lágmarksþjónustu, t.d. háhraðatengingar og staðsetningarþjónusta

Til að einfalda mat á tilboðum og skýra það frekar var ákveðið að fella út þjónustu umfram lágmarksþjónustu, en miða eingöngu við gagnaflutningahraða.

Vægi fyrir gagnaflutningshraða verður 30%:

Við mat á stigum fyrir gagnaflutningshraða verður lagt til grundvallar samanlagt flatarmál B og C í km² (ath að C vegur í raun tvöfalt). Hæsta tala gefur flest stig. Svæði B og C eru skilgreind í kafla 7.

Liður d: Notendabúnaður

Vægi óbreytt 10%

Með staðfestum upplýsingum er átt við upplýsingar eða yfirlýsingar frá framleiðendum.

Liður e: Áfangar og uppbyggingarhraði

Vægi óbreytt 10%

Liður f: Reiki

PFS hefur ákveðið að fella niður reiki sem einn af þeim þáttum sem hafa áhrif á val tíðnirétthafa, þar sem möguleikar á reiki ráðast fremur af eiginleikum símtækja á markaði frekar en eiginleikum fjarskiptanetsins.

19. Ekki verða teknar til afgreiðslu fleiri en ein umsókn frá hverjum umsækjanda eða aðila úr sömu fyrirtækjasamstæðu.

Engin athugasemd

20. Útgefin tíðniheimild telst vera opinbert gagn og verður hún eftir atvikum birt opinberlega.

Engin athugasemd

Ofantalin atriði eru ekki endanleg upptalning á þeim kröfum sem gerðar verða í útboðsgögnum. PFS áskilur sér rétt til þess að taka tillit til ábendinga, sem kunna að berast frá hagsmunaaðilum eftir samráð þetta, við gerð endanlegra útboðsgagna.

Engin athugasemd

Umsagnarfrestur er til kl. 12:00 miðvikudaginn 14. febrúar 2007. Senda skal umsagnir í tölvupósti til gudmundur@pta.is.

Umsögn: Ósk barst frá fleirum en einum aðila um að umsagnarfrestur yrði framlengdur um a.m.k. eina viku.

Viðbrögð PFS: Frestur til að skila umsögnum var framlengdur til kl 12:00 föstudaginn 23. febrúar 2007

Óskað er eftir að vísað verði til númers þeirra ofangreindra liða sem athugasemdir eiga við um. Stofnunin mun skoða innkomnar athugasemdir í heild og að öðru jöfnu ekki svara einstökum athugasemdum.

Engin athugasemd

Stofnunin áskilur sér rétt til að birta efni innsendra umsagna, en mun ekki birta nöfn sendenda.

Umsögn: PFS áskilur sér rétt til að birta umsagnir aðila á heimasíðu sinni. Af hálfu umsagnaraðila er það áréttað að slíkt sé einungis gert án þess að nafn umsagnaraðila komi fram.

Viðbrögð PFS: Tekið hefur verið tillit til þessa í samantekt þessari.

Önnur atriði:

Tíðnigjöld:

Umsögn: Það kemur ekki fram hvaða gjald verði tekið fyrir tíðniheimild en það er forsenda áætlanagerða að það liggi fyrir í útboðsgögnum.

Viðbrögð PFS: Ekki verður tekið gjald fyrir sjálfa tíðniúthlutunina. Árleg gjöld greiðast fyrir tíðninotkun skv. 5. tl. 3.gr. laga nr 172/2006 um breytingu á lögum um PFS nr. 69/2003. Gjald þetta er 256.500 kr/MHz, þ.e. $2 \times 4,5 \text{ MHz} \times 256.500 \text{ kr/MHz} = 2.308.500 \text{ kr/ári}$.

Núverandi NMT-aðstaða Símans

Umsögn: Til að jafnræðis gæti milli aðila hlýtur að teljast eðlileg krafa að Síminn veiti hugsanlegum samkeppnisaðila / aðilum aðstöðu fyrir tæknibúnað í núverandi húsum og loftnetsmöstrum þar sem NMT kerfi er þegar hýst og mun að lokum hverfa. Mikilvægt er að tilboðsgjafar geti gert ráð fyrir slíkri aðstöðu í tilboðsgerð sinni.

Um augljósan aðstöðumun er að ræða og þar af leiðandi mismunur tilboðsgjafa ef eingöngu Síminn getur sniðið tilboð sitt með tilliti til núverandi aðstöðu. Ekki síður vegna þess að skýrar kröfur eru gerðar um hraða uppbyggingu hins nýja kerfis og samþættingar við núverandi útbreiðslu NMT kerfisins.

Viðbrögð PFS: Í fjarskiptalögum er fjallað er um aðgang að netum og þjónustu. Segir í 28. gr. laganna að PFS geti mælt fyrir um að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk skuli verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um opinn aðgang að almennum fjarskiptanetum, nethlutum og tengdri aðstöðu. Ef handhafi tíðniheimildar leggur fram slíka beiðni mun PFS taka hana til gaumgæfilegrar skoðunar.

Fundir með Póst- og fjarskiptastofnun

Umsögn: Umsagnaraðili telur að auk þess að leggja fram umbeðna umsögn, sé nauðsynlegt að funda með Póst- og fjarskiptastofnun við fyrsta hentugleika.

Viðbrögð PFS: Umsagnaraðilum var boðið til viðræðna við PFS.

Póst- og fjarskiptastofnun þakkar þeim aðilum sem sendu inn umsögn.